



Skólasel - HANDBÓK

Frístundaheimili Ártúnsskóla

Almennar upplýsingar um starfið og markmið þess

Efnisyfirlit

Verkefnastjóri, tölvupóstur, heimasíða.....	2
Almennt um starfið.....	2
Markmið.....	2
Samskipti við börnin	3
Samstarf við foreldra	3
Starfið í Skólaseli.....	3
Hefðbundin dagur í Skólaseli	4
Val/Smiðjur	4
Klúbbastarf	4
Hópa- og svæðaskipting barna.....	5
Skráning, verð og aðrar upplýsingar.....	5
Gjaldskrá frístundaheimila og verð fyrir síðdegishressingu Villa! Bókamerki ekki skilgreint.	
Síðdegishressing	6
Heilir dagar	6
Frístundarvagn	7

Verkefnastjóri, tölvupóstur, heimasíða

Forstöðumaður Skólasels er Hanna Sóley Helgadóttir,

netfang: hanna.soley.helgadottir@rvkskolar.is

Heimasíða: <http://www.artunsskoli.is/>

Forstöðumaður er við alla daga frá 8:00 – 16:00 og hægt er að hringja eða panta viðtalstíma fyrir hádegi. Sérstaklega er mælt með því að foreldrar hafi samband fyrir hádegi eða á milli 13:00 og 13:20 til að minnka álagið á símanum meðan börnin eru á frístundaheimilinu. Einnig er alltaf hægt að senda tölvupóst á netfang forstöðumanns. Síminn í Skólaseli er 411-7683 og beinn sími til Hönnu er 411-7682

Almennt um starfið

Á veturna er Skólasel opið eftir að skóladegi lýkur kl 13:20 til kl. 17:00 alla virka daga. Á samskiptadögum, starfsdögum og í jóla- og páskafríum skólans er frístundaheimilið opið frá kl 8:00 nema annað sé tekið fram. Óskað er sérstaklega eftir skráningu þá daga og þarf að greiða sérstaklega fyrir dvöl fyrir hádegi þessa daga (sjá nánar hér að neðan). Lokað er í vetrarfríum skólans. Vetrarstarf hefst daginn eftir skólasetningu og sá síðasti er alla jafna dagurinn fyrir skólaslit.

Frístundaheimili hafa mikil áhrif á félagsþroska barna og eru vettvangur sem þau æfa sig í vináttu og samskiptum. Börnin læra að virða hvort annað og læra þar með að allir hafa sín sérkenni og þurfa að hafa ákveðið svigrúm. Frístundaheimili gefa börnum fastan samastað fyrir starf og leik og er staður þar sem þau eru í fyrirrúmi. Þar er hlustað á þau, talað við þau og ekki síst er pláss fyrir tilfinningar þeirra.

Markmið

Leiðarljós frístundaheimilanna er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf, sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Mikilvægt er að efla sjálfstæði og sjálfsmynd hvers barns og gera börnunum kleift að kynnast eigin styrkleikum. Markmið með starfinu er að kynna ólíkar tómsundur fyrir barninu og veita börnum og foreldrum heildstæða þjónustu. Frístundaheimilin leitast við að nota lýðræðislega starfshætti, efla hæfni barnanna til að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og

aðstæður. Að ofangreindu er ljóst að barnið og vellíðan þess er þungamiðjan í daglegu starfi.

Samskipti við börnin

Í starfi með börnum er mikilvægt að hafa skýran ramma, nokkrar fáar en góðar reglur sem tryggja öryggi og vellíðan barnanna. Jákvæður agi felst í því að hvetja barnið til athafna sem styrkja jákvæða sjálfsmynd og efla félagsfærni þess. Markmið frístundaheimila er að forðast neikvæðan aga sem byggist á boðum og bönum, efla jákvæðan aga sem er fyrirbyggjandi og stuðlar að bættum samskiptum. Hlutverk starfsmanna er því ekki síst að hafa vakandi auga með börnunum og aðstoða þau við að leiðréttu óæskilega hegðun áður en í ófni er komið. Jákvæð og opin samskipti eru góð leið til að fyrirbyggja misskilning og stuðla að betri líðan barnsins á frístundaheimilinu. Haft er samband við forráðamenn ef að alvarleg eða ítrekuð agabrot eiga sér stað.

Samstarf við foreldra

Við í Skólaseli leggjum áherslu á að eiga gott samstarf við foreldra og tókum vel á móti athugasemdum og ábendingum. Forstöðumaður frístundaheimilis ber ábyrgð á að upplýsingaflæði sé gott svo sem að senda út dagskrá mánaðarlega og uppfæra myndir á heimasíðu skólans. Opið hús er einu sinni til tvisvar yfir veturinn þar sem boðið er upp á léttar veitingar og notalega stemmingu. Þar geta foreldrar kynnt sér starfsemina og átt góða stund með börnunum.

Starfið í Skólaseli

Starfið byggist að hluta til á þeim hæfileikum sem starfsfólkið býr yfir hverju sinni. Það er hvatt til að koma með eigin hugmyndir að verkefnum og viðfangsefnum en þannig er hægt að bjóða upp á fjölbreytt og skapandi starf. Auk þess er mikil áhersla lögð á frjálsan leik bæði úti og inni. Einnig er lögð áhersla á að börnin hafi áhrif á starfið. Mánaðarlega er send út dagskrá.

Hefðbundinn dagur í Skólaseli

13:20 Börnin mæta skrá sig inn og fara út, alla jafna.

14:00/14:15 Síðdegishressing

14:30 Val/Klúbbastarf

16:15 Frjáls leikur og róleg stund

17:00 Skólasel lokar

Val/Klúbbar

Hefðbundin dagskrá felst í hæfilegu jafnvægi á milli skipulegrar dagskrár og frjáls leiks, sem er ekki síður mikilvægur. Starfsmenn skipuleggja jafnan mánaðaráætlun þar sem kemur fram hvað er í boði á hverjum degi. Leitast er við að hafa börnin með í ráðum um gerð dagskrár.

Að lokinni útiveru og síðdegishressingu er val. Börnin setja sitt nafnspjald á þann stað sem þau kjósa að vera á og þannig er auðvelt að vita hvar þau eru staðsett þegar þau eru sótt eða eiga að fara heim.

Dæmi um val

Perlur

Leir

Föndur

Legó

Oregamí

Kubbar

Spil

Klúbbastarf

Einu sinni í viku er boðið upp á klúbbastarf sem er jafnframt hápunktur vikunnar. Þennan dag er boðið upp á fjóra til fimm fjölbreytta klúbba þannig að allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Börnin velja sér klúbb og eru í honum í fjórar til sex vikur í senn. Hverjum klúbb er stýrt af tveimur til þremur starfsmönnum hverju sinni. Einnig bjóðum við upp á klúbba sem hægt er að velja í eitt og eitt skipti og þá annan næst ef barn vill.

Dæmi um klúbba

Ævintýrklúbbur

Skáklúbbur

Fíflklúbbur

Íþróttaklúbbur

Matreiðsluklúbbur

Útivistarklúbbur

Hópa- og svæðaskipting barna

Börn í 1. bekk eru í aðalstofu Skólasels.

Börn í 2. bekk eru í tónmenntarstofu.

Börn í 3. og 4. bekk í myndmenntarstofu og textílstofu.

Þetta eru heimasvæði barnanna þar sem þau merkja sig inn og heim og öll börn borða á matsal. 1. bekkur borðar fyrst og 2. og 3. bekkur koma í matsalinn þegar 1. bekkur hefur klárað að ganga frá.

Með hverjum bekk eru fastir starfsmenn sem fylgja hópnum. Klukkan 16:15 þegar börnin eru orðin færri sameinumst við í aðalrymi Skólasels.

Benda skal á að oft getur verið erfðara að ná í Skólasel seinni partinn þar sem starfsmenn eru í starfi með börnunum. Því er betra að hafa samband fyrir hádegi eða á símatíma milli 13 og 13:20 ef eitthvað er. Einnig er alltaf hægt að senda tölvupóst á netfang forstöðumanns.

Skráning, verð og aðrar upplýsingar

Skráning fer fram á Vala frístund (<https://fristund.vala.is/umsokn/#/login>) og gildir umsóknin í eitt skólaár í senn (ágúst – júní). Ef breyta þarf vistunardögum barnsins þarf að gera það inn á sömu síðu fyrir 15. hvers mánaðar til að það taka gildi 1. næsta mánaðar. Þar er einnig hægt að breyta upplýsingum eins og símanúmerum, heimilisfangi, heimfaratíma og æfingum. Hægt er að nýta frístundakort Reykjavíkurborgar til að greiða fyrir vistun í frístundaheimilinu yfir veturinn.

Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja á frístundaheimili eða í sértækum félagsmiðstöðvum skóla- og frístundasviðs eða eru í vistun í leikskólum borgarinnar er veittur 100% systkinaafsláttur af dvalargjaldi eldra systkinis/eldri systkina. Í þeim tilvikum er miðað við sama fjölda daga/stunda og hjá yngra/yngsta barni. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Það sama gildir ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis/systkina í sjálfstætt reknum leikskóla eða til dagforeldris eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis samkvæmt samningi þar um. Foreldrar greiða mest fæðisgjöld fyrir 2 börn, þvert á skólastig, greitt er fyrir þau yngstu fyrst en eldri njóta afsláttar. Greitt er fullt gjald vegna skráningar á langa daga. Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama fjölskyldunúmer/lögheimili í þjóðskrá. Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn á frístundaheimili/í sértækri félagsmiðstöð.

Síðdegishressing

Boðið er upp á síðdegishressingu um miðjan daginn (kl 14:00/14:15). Leitast er eftir að hafa hana holla og fjölbreytta og alla daga er boðið upp á niðurskorna ávexti og/eða grænmeti. Flest börn eru skráð í hressingu en ef barnið þitt er með sérþarfir má skoða hvort eða hvernig við getum komið til móts við þarfir barnsins eða hvort betra sé að það komi með eigið nesti.

Heilir dagar

Á ákveðnum dögum þar sem lokað er í skólanum er opið í Skólaseli frá 8:00 – 17:00 en á þessa daga þarf að skrá barnið sérstaklega. Opnað er fyrir skráningu 2 – 3 vikum fyrir langan dag inni á Rafrænni Reykjavík, sett er lokadagssetning fyrir skráningu. Biðjum við foreldra að virða þessar dagsetningar. Eins og áður hefur komið fram að greitt er sérstaklega fyrir dvöl fyrir hádegi (kl 8:00 – 13:40). Gjaldið er 2.178 kr. Þessa daga þurfa börnin að koma með morgunhressingu og hádegisnesti ef þau eru allan daginn en boðið er upp á síðdegishressingu. Börnin þurfa að koma klædd eftir veðri.

Frístundarvagn

Íþróttafélagið Fylkir býður upp á frístundarvagn sem foreldrar geta nýtt sér varðandi æfingar. Hann stoppar við skólann á hálf tíma fresti. Sá fyrsti fer kl. 14:03 og síðasti 15:32. Foreldrar sjá um að skrá barn í rútu hjá Fylki og lætur síðan starfsmenn Skólasels vita á hvaða dögum og tíma barnið tekur vagninn. Frístundavagninn er alfarið á vegum Fylkis.